

## Skólaráðsfundur 4. október 2021

Fundinn sátu: Vildís Björk Bjarkadóttir, Helga Óskarsdóttir, Lilja Gunnlaugsdóttir, Lydía Ósk Jónasdóttir, Inga Rósa Sigurjónsdóttir, Una Karen Guðmundsdóttir og Jón Gabriel Marteinson, Óskar G. Björnsson og Hallfríður Sverrisdóttir sem ritaði fundargerð.

Skólaráð setti niður fundaskipulag vetrarins eða starfsáætlun skólaráðs:

Fundir verða fyrsta mánudag í hverjum mánuði kl. 12:15.

4. október

1. nóvember

6. desember

10. janúar

7. febrúar

7. mars

4. apríl

2. maí

Óskar kynnti fundarmönnum hlutverk skólaráðs og möguleg verkefni.

Rætt um viðburði sem verða á næstunni, s.s. árshátíð miðstigs 25. og 26. október, dansmaráðun 10. bekkinga 27. október. Árskóladagurinn er áætlaður laugardaginn 27. nóvember. Friðargangan yrði væntanlega um morguninn og síðan opið hús í skólanum á eftir. Þetta er að sjálfsögðu háð því að samkomutakmarkanir séu í lágmarki.

Skólastarfið hefur farið vel af stað. Umferðarmálin í kringum skólann hafa verið í þokkalegu lagi, en þó hefur þurft að hafa afskipti af óvarlegum akstri nemenda á rafskutlum og vespum.

Rætt um viðhald á skólahúsnæðinu, en A-álman er löngu komin á tíma. Á næstu árum mun fjölga verulega á miðstiginu og þá skapast mikil þrengsli í A-álmunni, auk þess sem húsgögnin eru úr sér gengin. Það myndi breyta miklu að fá ný húsgögn fyrir nemendur, fyrirferðarminni og meðfærilegri.

Ytra mat fer fram í Árskóla 18. - 21. október. Matsaðilar frá matssviði Menntamálastofnunar koma og taka út skólastarfið, heimsækja kennslustundir og taka viðtöl.

Önnur mál.

Ábending kom fram um að mikið umferðaröngþveiti skapist oft við Hús frítímans seinni part dags þegar nemendur eru sóttir þangað. Hugmynd kom fram um hvort skólaráð gæti beitt

sér fyrir því að láta setja gangbraut eða hraðahindrun í götunni til að draga úr umferðarhraða.

Nemendafulltrúar viðurðu hugmynd um að þolprófum í íþróttum verði hætt, þar sem nemendur sem æfa íþróttir hefðu alltof mikið forskot á hina.